

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

46. gr. 2. málsg. laganna orðist svo:

Réttur samkvæmt fjárnámssgerð í fasteign og skráningarskyldu skipi er háður þinglýsingu samkvæmt þinglýsingalögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 13 31. mars 1962, um heyrnleysingjaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, 5. grein, svo hljóðandi:

Við Heyrnleysingjaskólann skal starfa framhaldsdeild er hafi það hlutverk að veita nemendum undirbúning og aðstoð til að afla sér menntunar og þjálfunar í ýmsum starfsgreinum og réttinda til sérnáms í framhaldsskólum eða háskólum. Deildin skal starfa í samvinnu við skóla á viðkomandi námssviði. Nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 19. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.